

Erindisbréf fyrir Leikskólanefnd Kópavogs

I. Kafli Skipan og umboð

1. gr.

Leikskólanefnd er kosin af bæjarstjórn Kópavogs, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer með málefni leikskólanna, í umboði bæjarstjórnar, skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerðum og samþykktum sveitarstjórnar. Leikskólanefnd fer einnig með málefni daggæslu í heimahúsum, skv. reglugerð 907/2005 og gæsluleikvalla.

2. gr.

Leikskólanefnd er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara. Nefndin er kosin til fjögurra ára í senn.

Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í bæjarfélaginu kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Við skipan áheyrnarfulltrúa félagasamtaka í nefndir bæjarins skal lagt fram umboð félagsins því til staðfestingar, auk ársskýrslu eða greinargerðar um starf samtakanna og með hvaða hætti kjör áheyrnarfulltrúa á sér stað.

II. Kafli Fundir og starfshættir

3. gr.

Deildarstjóri leikskóladeildar/leikskólafulltrúi starfar fyrir nefndina og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr fundi nefndarinnar, situr fundi hennar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Leikskólafulltrúi boðar fundi í samráði við formann nefndarinnar.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Fjöldi funda leikskólanefndar er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

Formanni nefndarinnar er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum forsendum.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna, svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar nefndarinnar getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmanna óskar þess.

Nefndarfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur nefndarmanna er mættur á fundinn. Nefndin getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í nefndinni, skv. IV. kafla samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010, fer eftir því sem við á skv. II. og III. kafla.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum.

Fundir nefndarinnar skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur nefndin boðið aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekið mál.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

7. gr.

Nefndin skal halda gerðarbók og kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 538/2010.

8. gr.

Leikskólanefnd skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir gæta þess að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

III. Kafli Hlutverk og markmið

9. gr.

Hlutverk leikskólanefndar er samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008:

- Að hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum bæjarfélagsins, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd

leikskólastarfs í bæjarfélaginu. Leikskólanefnd hefur forystu um að sett sé almenn stefna um leikskólahlald í bæjarfélaginu og hún kynnt fyrir íbúum þess.

- Að staðfesta Skólanámskrá og starfsáætlun hvers leikskóla.
- Að sjá til þess að gagnvirk samstarf sé milli leikskóla og grunnskóla.
- Að veita umsögn um leyfi til að reka einkaleikskóla.
- Að starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni.

Leikskólanefnd hefur yfirumsjón með daggæslu barna í heimahúsum, sbr. reglugerð nr 907/2005. Nefndin veitir leyfi til daggæslu og skal sjá til þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt sbr. 1. mgr. 30. greinar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Leikskólanefnd hefur umsjón með gæsluleikvöllum í samræmi við samþykktir bæjarfélagsins.

10. gr.

Ákvarðanir leikskólanefndar taka formlega gildi við staðfestingu í bæjarstjórn.

Fundargerðir leikskólanefndar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar og samþykktar.

11. gr.

Leikskólanefnd vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum, sem taka mið af samþykktri stefnu leikskólanefndar og bæjarstjórnar í málefnum leikskóla Kópavogs og samþykktum varðandi daggæslu í heimahúsum.

IV. Kafli

Hæfi og skyldur nefndarmanna

12. gr.

Leikskólanefnd skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni allra bæjarbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Kjörnir fulltrúar, nefndarmenn og stjórnendur, sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við bæjarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru vísast til samþykktar bæjarstjórnar frá 12. maí 2009, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa og stjórnenda.

13. gr.

Leikskólanefnd hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir lögformlegt ábyrgðar- og eftirlitssvið hennar. Leikskólanefnd hefur ekki boðvald yfir starfsfólki leikskóla og gæsluvalla og starfsfólki leikskóladeildar menntasviðs. Kjörnir fulltrúar koma ekki að ráðningarvaldi umfram lögboðnar umsagnir, sbr. 61. og 62. gr. bæjarmálasamþykktar.

Nefndin kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögsmætum fundum.

Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð sviðsstjóra menntasviðs og deildarstjóra leikskóladeildar/leikskólafulltrúa. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir innan embættismannakerfisins fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

V. Kafli
Gildistaka

14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar 538/2010, sbr. br. 217/2011. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarráði og bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 12. janúar 20120.